

# Ársskýrsla Ungmennadeildar HRFÍ

Stjórnarárið 2018-2019

## Stjórn Ungmennadeildar HRFÍ stjórnarárið 2018-2019 skipa:

*Hafdís Jóna Þórarinsdóttir formaður*

*Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritari*

*Lovísa Helenudóttir gjaldkeri*

*Vaka Víðisdóttir gjaldkeri*

*Ágústa Pétursdóttir meðstjórnandi*

Stjórn deildarinnar kom saman með reglulegu millibili á starfsárinu og ræddi ýmis málefni.

## Starfsemi deildarinnar

### Dagur Ungmennadeildar

Á starfsárinu var Dagur Ungmennadeildar haldinn hátíðlegur tvisvar sinnum í Reiðhöll Spretts í Andvara. Á Degi Ungmennadeildar þann 15. apríl tóku um 90 manns þátt á öllum aldri í sex mismunandi aldursflokkum og skemmtu börn sem og fullorðnir sér afar vel. Ákveðið var að endurtaka leikinn þann 29. september og tóku þá um 60 manns þátt. Að þessu sinni ákváðum við að hafa úrslitin með öðru sniði sem heppnaðist mjög vel en ákveðið var að fá þrjá mismunandi dómara til þess að dæma elstu flokkana og var keppninni skipt upp í þrjá hluta. Dómari eitt valdi í átta manna úrslit, dómari tvö í fjögurra manna úrslit og sá þriðji valdi svo í sæti. Tveir yngstu flokkarnir voru með óbreyttu sniði. Stöð 2 mætti með myndavélina og kynnti sér starf Ungmennadeildarinnar, yngstu krökkunum til mikillar gleði þar sem nokkur þeirra fengu að spreyta sig í viðtölum. Umfjöllunin var svo sýnd í kvöldfréttum sama dag. Deildin þakkar öllum þeim sem mættu á viðburðina og tóku þátt sem og Dýrheimum ehf. sem hafa ávallt gefið glæsileg þátttökuverðlaun og verðlaun. Þessi viðburður er orðinn fastur liður í starfi deildarinnar

og stór þáttur í fjáröflun hennar. Markmið deildarinnar er að skipuleggja Dag Ungmennadeildar að minnsta kosti einu sinni á ári.

### **Fjáröflun deildarinnar**

Fjáröflun deildarinnar er gríðarlega mikilvægur hluti af starfi hennar þar sem deildin þarf að hluta til að standa straum af þeim kostnaði sem fylgir því að senda fulltrúa HRFÍ og Íslands á stærstu sýningarnar erlendis. Einnig kemur það fyrir að deildin flytji inn dómara með sérþekkingu á ungum sýnendum sem heldur einnig námskeið fyrir meðlimi deildarinnar. Dagur Ungmennadeildar hefur komið sterkur inn sem fjáröflun deildarinnar enda gríðarlega vel sóttur. Einnig hafa sýningarþjálfanir deildarinnar verið vel sóttar á árinu og hefur stjórn deildarinnar séð um þær ásamt duglegum deildarmeðlimum. Á árinu 2018 var veitingasalan með breyttu sniði í fyrsta skipti. Ungmennadeild HRFÍ þurfti því aðeins að manna sjoppuna í mars 2018 og nóvember 2018. Gekk mönnun og starf sjoppunnar mjög vel og margir sem tóku þátt. Stjórn deildarinnar vill nota tækifærið og þakka þeim meðlimum og foreldrum/aðstandendum sem hafa lagt hönd á plóg í veitingasölunni ásamt öllum þeim félagsmönnum sem sækja sýningarþjálfanir deildarinnar og taka þátt í Degi Ungmennadeildar. Stuðningurinn er ómetanlegur.

### **Námskeið**

Á starfsárinu flutti deildin inn þrjá dómara með sérþekkingu á ungum sýnendum. Það voru þau Rebecca Govic frá Svíþjóð, Tammie John Sommerson-Wilcox frá Bandaríkjunum og Louise Dufwa frá Svíþjóð. Héldu þær allar námskeið fyrir unga sýnendur sem voru nokkuð vel sótt.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir stjórnarmeðlimur og dómari hélt fyrirlestur um byggingu hunda þann 29. október í húsnæði HRFÍ í Síðumúlanum. Var fyrirlesturinn vel sóttur af meðlimum deildarinnar ásamt öðrum áhugasömum.

Á Degi Ungmennadeildar í september fengum við Silju Unnarsdóttir hlýðniþjálfara til að halda kynningu á rally-hlýðni og fengu áhugasamir að spreyta sig á nokkrum stöðvum sem Silja setti upp. Einnig fengum við aðila frá Retrieverdeild til þess að sýna okkur

veiðihunda að störfum og fræðast um þjálfun þeirra. Íþróttadeild HRFÍ stóð fyrir hundafiminámskeiði í byrjun árs sem sniðið var fyrir ungmenni. Þátttaka var ekki jafn góð og vonast hafði verið eftir en námskeiðið í heild sinni gekk mjög vel.

### **Ungir sýnendur á deildarsýningu**

Þann 20. október sl. hélt Fjár- og hjarðhundadeild deildarsýningu. Bauðst ungmennum að taka þátt í keppni ungra sýnenda á viðburðinum með því skilyrði að þau sýndu fjár- eða hjarðhunda. Voru stjórnarmeðlimir ásamt deildarmeðlimum Fjár- og hjarðhundadeildar boðnir og búnir að aðstoða ungmennin við að verða sér úti um hunda og var þátttakan á sýningunni góð. Fyrrum formaður HRFÍ, Jóna Th. Viðarsdóttir, dæmdi keppnina.

### **Reglubreytingar**

Starfsreglur Ungmennadeildar HRFÍ voru orðnar úreltar og þörfnuðust lagfæringar. Farið var í miklar endurbætur enda hafa reglur deildarinnar lítið sem ekkert breyst frá stofnun hennar. Stjórn vann að breytingum reglnanna sem voru svo sendar til stjórnar HRFÍ í byrjun september. Stjórn sendi til baka tillögur að lagfæringum sem þurfti að bæta og voru reglubreytingar samþykktar í framhaldi af því. Vonast er til að í náinni framtíð verði tekið upp sérstakt árgjald fyrir meðlimi deildarinnar og munu fullgildir meðlimir njóta ýmissa fríðinda.

### **Farandbikarar**

Ákveðið var að endurnýja farandbikara deildarinnar fyrir allar sýningar ársins, bæði í yngri og eldri flokki.

### **Nýr landsliðspjálfari**

Eftir 12 ár sem þjálfari landsliðs okkar í ungum sýnendum ákvað Auður Sif Sigurgeirsdóttir að stíga til hliðar. Auður Sif hefur þjálfað liðið með framúrskarandi árangri seinustu ár og er starf hennar ómetanlegt. Ásamt því að vera góð fyrirmynd fyrir

upprennandi sýnendur hefur Auður Sif gefið sig alla fram við það að koma litla landinu okkar á kortin. Hefur litla Ísland hlotið mikið lof fyrir áberandi góðan liðsanda ásamt framúrskarandi árangri á erlendri grundu. Rannveig Gauja Guðbjartsdóttir hefur nú tekið við keflinu og mun landslið okkar í ungum sýnendum vera í frábærum höndum enda Rannveig Gauja með áralanga reynslu.

### **Keppendur á erlendri grundu**

Það er ekkert vafamál að deildin geti verið stolt af þeim keppendum sem kepptu á erlendri grundu á starfsárinu.

Vaka Víðisdóttir keppti fyrir Íslands hönd á Crufts 2018. Sýndi hún þar australian shepherd-rakkann, Colby. Stóð Vaka sig framúrskarandi vel og var landi og þjóð til sóma.

Á heimssýningunni í Amsterdam, Hollandi var Ingunn Birta Ómarsdóttir fulltrúi Íslands í úrslitum. Hún sýndi white swiss shepherd-rakkann, Legolas og komust þau áfram í tíu sýnenda úrslit en 40 sýnendur tóku þátt. Auk Ingunnar kepptu þær Stefanía Stella Baldursdóttir og Vaka Víðisdóttir í grunnkeppninni og komust þær báðar áfram í undanúrslit. Vaka komst svo í tíu keppenda úrslit á sunnudeginum. Frábær árangur hjá stelpunum!

Berglind Gunnarsdóttir var fulltrúi Íslands á Evrópusýningunni í Varsjá, Póllandi. Hún sýndi hund af tegundinni Basenji og stóð sig frábærlega.

Nordic Winner-sýningin fór fram í Lillestrøm í Noregi í nóvember. Landslið Íslands skipuðu þær Bergdís Lilja Þorsteinsdóttir með strýhærðan vorsteh, Lovísa Helenudóttir með whippet, Stefanía Stella Baldursdóttir strýhærðan dachshund og Vaka Víðisdóttir með enskan pointer. Vaka komst áfram í tíu keppenda úrslit í einstaklingskeppninni. Stóðu þær sig með mikilli þryði undir leiðsögn Rannveigar Gauju Guðbjartsdóttur, landsliðsþjálfara.

Vaka Víðisdóttir var fulltrúi Íslands á Crufts í mars 2019 og sýndi þar enska pointer-rakkann, Wilberg. Vaka stóð sig mjög vel þrátt fyrir erfiðar aðstæður og þegar leið á keppnina fékk Vaka miniatüre poodle-rakkann, Pippin í stað Wilbergs þar sem nokkrar tíkur í keppninni áttu hug hans allan.

Deildin vill nota tækifærið og óska öllum fulltrúum okkar innilega til hamingju með frábæran árangur sem og þakka þeim fyrir að vera landi og þjóð til sóma!

### **Stigahæstu ungu sýnendur ársins 2018**

Stigahæstu ungu sýnendur ársins 2018 voru þær Freyja Guðmundsdóttir í yngri flokki og Vaka Víðisdóttir í eldri flokki.

**Eftirfarandi fyrirtæki hafa styrkt deildina og vill stjórn koma til þeirra innilegu**

**þakklæti:**

Dýrheimar ehf.

Sláturfélag Suðurlands

## Aðalfundur Ungmennadeildar

*Þriðjudagurinn 19.mars 2019*

Aðalfundur Ungmennadeildar HRFÍ var haldinn þriðjudaginn 19.mars í húsnæði Hundaræktarfélags Íslands. Ágætis mæting var á fundinn sem stóð yfir í rúman klukkutíma. Auður Sif Sigurgeirsdóttir var skipaður fundastjóri og las Ágústa Pétursdóttir upp skýrsluna. Ársskýrsla deildarinnar var samþykkt eftir upplestur af öllum viðstöddum.

Að þessu sinni voru tvö sæti laus til tveggja ára og eitt sæti til eins árs. Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Ágústa Pétursdóttir og Vaka Víðisdóttir gengu úr stjórn, en munu að sjálfsögðu verða nýrri stjórn innan handar. Inní stjórn voru kosnar þær Anna Dís Arnarsdóttir til tveggja ára, Bergdís Lilja Þorsteinsdóttir til eins árs og Stefanía Stella Baldursdóttir til tveggja ára. Eftir þessi kjör sitja í stjórn þær:

*Anna Dís Arnarsdóttir*

*Bergdís Lilja Þorsteinsdóttir*

*Hafdís Jóna Þórarinsdóttir*

*Stefanía Stella Baldursdóttir*

*Lovísa Helenudóttir*

Að loknu kjöri voru ýmis málefni rædd. Þar á meðal var rætt um keppni ungra sýnenda sem nú fer fram á sama tíma og almenn dómgæsla inní hring. Kom tillaga þar sem nokkrar sýningar HRFÍ eru tvöfaldar hvort hægt væri að hafa keppni ungra sýnenda einnig tvöfaldar s.s. sitthvorn daginn. Ný stjórn tók vel í þessa hugmynd sem þarf að sjálfsögðu að skoða og útfæra í samræmi við sýningarstjórn.

Að loknum fundi var pöntuð pizza fyrir krakkana og horft á nokkur myndbrot frá Crufts og Westminster, þar sem sýnendur voru vel skoðaðir.